

Ed.

74. Frumvarp

til laga um breyting á fátækralögum nr. 44, 10. nóv. 1905.

Flutningsm.: H. J. Kristófersson.

32. gr. nefndra laga orðist þannig:

Með þeirri undantekningu, sem getur um í 36. gr. laga þessara, vinnur hver sá, er hefir rjett innborinna manna, sjer framfærslurjett í þeirri sveit (31. gr.), þar er hann hefir eftir 16 ára aldur dvalið lengst samtals búandi eða vistfastur, eða haft löglegt heimilisfang, enda hafi hann eigi þegið sveitarstyrk á þeim árum.